



97. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 7. október, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Atvinnumál.**
 - a. **Minnisblað frá bæjarstjóra.**
 - b. **Almenn stefnumótun í atvinnu- og ferðamálum.**
2. **Boð á landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
3. **Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga.**
4. **Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.**
5. **Samnorræn ráðstefna á Akureyri.**
6. **Skólavist utan lögheimilissveitarfélags.**
7. **Önnur mál.**

Afgreiðslur:

1. **Atvinnumál.**
 - a. **Minnisblað frá bæjarstjóra.**

Fram lagt minnisblað frá bæjarstjóra um markmið, leiðir og áframhaldandi skref í stefnumótun sveitarfélagsins.
 - b. **Almenn stefnumótun í atvinnu- og ferðamálum.**

Mættur er Holgeir Clausen fyrir hönd Glæðheima ehf. til viðræðna um ýmsar hugmyndir er lúta að uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Lagði hann fyrir fundinn ýmsar hugmyndir sem fundarmenn ræddu. Bæjarstjóra falið að hafa samband við Atvinnuþróunarfélag NV vegna stefnumótunarvinnu í ferðaþjónustu á svæðinu.
2. **Boð á landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Pingið verður haldið í Reykjavík, 26. nóvember nk. Lagt fram til kynningar.
3. **Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt að vextir af eigin fé sjóðsins lækki úr 4,5% í 4,0% frá 1. október 2004. Ákvörðunin gildir fyrir öll útlán sjóðsins af eigin ráðstöfunarfé þar til annað verður ákveðið. Lagt fram til kynningar.
4. **Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.**

Fundargerðin sem er frá 28. september sl. er lögð fram til kynningar.
5. **Samnorræn ráðstefna á Akureyri.**

Ráðstefnan er á vegum Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri og er fyrirhuguð 22. október nk. Meginviðfangsefni er kynning á atvinnuþróun og nýsköpunarstarfi á Norðurlöndunum. Bæjarstjóri sækir fundinn f.h. sveitarfélagsins.



6. Skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Erindi bókað í trúnaðarbók

7. Önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30.

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)